



Alþingi - Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. febrúar 2007
Tilvísun: 2007020028
Bréfalykill: 50.11

Efni: Tillaga til þingsályktunar um gerð rammaáætlunar um náttúruvernd, 18. mál

Með bréfi dags. 23. febrúar 2007 óskaði umhverfisnefnd Alþingis þess að Orkustofnun gæfi umsögn um téð málefni. Í tillögunni segir m.a.: "Í áætluninni komi fram tillögur um skipulag verndarsvæða og áætlun um virka verndun þeirra, með lögum þar sem það á við, og nýtingu sem samrýmist náttúruvernd."

Orkustofnun tekur undir nauðsyn þess að hraða gerð áætlunar um náttúruvernd, og nýta hana í tengslum við gerð viðeigandi skipulagsáætlana. Áætlunin hlýtur að verða gerð á grundvelli gildandi laga. Í athugasemdum sínum við frumvarp til breytinga á lögum um auðlindir í jörðu (nr.57/1998) leggur Orkustofnun áherslu á að það sé í eðlilegum verkahring iðnaðarráðherra að leggja fram nýtingaráætlanir, og samsvarandi er það meðal eðlilegra verka umhverfisráðherra að leggja fram tillögur um náttúruvernd. Orkustofnun telur að báðar þessar áætlanir; um auðlindanýtingu og náttúruvernd eigi að verða grunnur að landsskipulagi, og endurskoðaðar reglulega.

Virðingarfyllst

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir